



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Garðabæjar
Gunnar Einarsson
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 9. ágúst 2021.
Málsnr. 2102006
PBG/HH

Efni: Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar og samkomulag sveitarfélaganna um svæðisskipulag

Á 527. fundi stjórnar SSH, hinn 5. júlí 2021, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar / málsnr. 2102006

Fyrirliggjandi er bréf frá svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 21. júní 2021, þar sem fram kemur að á 101. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins hafi nýjar starfsreglur nefndarinnar verið samþykktar samhljóða og vísað til umsagnar Skipulagsstofnunar. Umsögn stofnunarinnar liggur nú fyrir án athugasemda og eru nýjar starfsreglur lagðar fram til kynningar. Unnið er nú að nýju samkomulagi milli sveitarfélaganna um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem tekur m.a. mið af nýjum starfsreglum og breyttum aðstæðum. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynnir framangreint.

Niðurstaða fundar:

Drög að nýju samkomulagi um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins verði fullunnin af lögfræðingi SSH í samráði við svæðisskipulagsstjóra og send stjórn til samþykktar þegar þau liggja fyrir. Í kjölfarið verði þau send sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu auk þess sem nýjar starfsreglur verði sendar sveitarfélögunum til staðfestingar og óskað eftir tilnefningu varamanna í Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins til samræmis við nýjar starfsreglur. Jafnframt verði sveitarfélögunum boðið upp á kynningar um framangreint sé þess óskað.

Meðfylgjandi eru nýjar starfsreglur Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, sem nefndin hefur sett sér í samræmi við 4. mgr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þá hefur, í samræmi við sama ákvæði, umsagnar Skipulagsstofnunar verið aflað og gerir stofnunin ekki athugasemdir við hinar nýju starfsreglur. Starfsreglurnar eru hér lagðar fram til staðfestingar, en jafnframt áréttað að það er nefndin sjálf sem setur sér starfsreglur innan ramma þeirra laga og reglna sem um starfsemi hennar gilda. Nýjar starfsreglur nefndarinnar eru afakstur af vinnu nefndarinnar í kjölfar athugasemda sem gerðar voru við eldri starfsreglur hennar á aðalfundi SSH 2020.

Einnig eru meðfylgjandi drög að nýju samkomulagi sveitarfélaganna um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Því er fyrst og fremst ætlað að taka á fyrirkomulagi og skipulagi



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

(svæðisskipulagsnefnd, hýsingu, umsýslu og kostnaðarskiptingu) til að ramma inn þá lagaskyldu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að hafa svæðisskipulag í gildi. Þá var nauðsynlegt að gera breytingar á eldra samkomulagi til samræmis við starfsreglurnar, auk þess sem stefnt var að því að einfalda samkomulagið en núgildandi samkomulag frá 24. ágúst 2012 ber þess merki að hafa verið gert í aðdraganda gerðar núgildandi svæðisskipulags. Gert er ráð fyrir því að eldra samkomulag ásamt viðaukum við það falli úr gildi samhliða gildistöku hins nýja samkomulags. Í eldri viðaukum var að finna atriði sem hafa nú verið nánar útfærð þeim í þeim sex leiðarljósum, 17 markmiðum og 142 aðgerðum sem ramma inn gildandi svæðisskipulag. Einnig hafa þau verið útfærð í þeim framfylgdar- og innleiðingarplönunum sem er gert ráð fyrir, eins og fjögurra ára þróunaráætlun, gerð ferðavenjukannana, vefsíða SSH, samstarfs við aðliggjandi landshluta o.s.frv. Er því ekki talið að þörf sé á ítarlegri umfjöllun um þessi atriði í viðaukum samkomulags sem fyrst og fremst er ætlað að kveða á um fyrirkomulag, hýsingu, og kostnað svæðisskipulags og svæðisskipulagsnefndar. Svæðisskipulaginu sjálfu er hins vegar ætlað að kveða á um framtíðarsýn höfuðborgarsvæðisins og skipulagsmarkmið. Eru drögin lögð fram til umræðu og afgreiðslu sveitarfélagsins og þess óskað að framkvæmdastjóra þess verði falið fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita samkomulagið.

Einnig er farið fram á tilnefningu tveggja varamanna í Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, sbr. 2. gr. starfsreglna hennar, og 1. mgr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skulu þeir eiga sæti í sveitarstjórn eða skipulagsnefnd sveitarfélagsins eða starfa sem framkvæmdastjóri eða skipulagsfulltrúi þess. Þess er óskað að tilnefningar berist á netfangið ssh@ssh.is eigi síðar en 6. september nk.

Vinsamlegast hafið samband við Hildigunni Hafsteinsdóttur lögfræðing SSH, hildigunnur@ssh.is, eða Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, jon@ssh.is, sé óskað frekari kynningar eða upplýsinga um framangreint.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH



Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

- Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, samþykktar á fundi nefndarinnar 11. júní 2021.
- Drög að samkomulagi um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.